



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 15. desember, 2010

Ákvörðun nr. 34/2010

## **Yferráð Auðar I fagfjárfestastjóðs slf. yfir Já upplýsingaveitum ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Með bréfi dags. 3. desember 2010 var tilkynnt um kaup Auðar I fagfjárfestastjóðs slf. (hér eftir Auður I) á Já upplýsingaveitum ehf. (hér eftir Já). Fullnægðil tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Auður I er fagfjárfestastjóður sem hefur fjárfest í fjölda atvinnufyrirtækja á undanförunum misserum. Auður I er rekinn af Auði Capital hf. Fram kemur í samrunaskrá að Auður I hafi yferráði yfir Eignarhaldsfélaginu lifandi ehf. sem rekur Mann Lifandi ehf. og Bio Vörur ehf., Yggdrasil og IP-fjarskipti ehf. sem reka fjarskiptaþjónustu undir vörumerkinu Tal. Fram kemur í samrunaskrá að Auður I kalli eftir framlagi frá sjóðfélögum vegna fjárfestinga í félögum, þ.e. sjóðfélagar verði formlega eigendur hlutafjár þeirra félaga sem sjóðurinn stýri. Stjórn félaganna er hins vegar á hendi Auðar I.

Fram kemur í samrunaskrá að Já starfi fyrst og fremst við upplýsingaráðgjöf með útgáfu símaskrár, rekstri vefsíðu og rekstri upplýsinganúmera. Hefur ekkert annað félag þessa starfsemi með höndum samkvæmt samrunaskrá. Tekjur Já eru af sölu auglýsinga á vefsíðu félagsins, í símskrá og af símtölum í þjónustuver félagsins. Já var áður undir yferráðum Skipta hf. sem er móðurfélag Símans hf. en Síminn er stærsta fyrirtæki landsins á sviði fjarskipta. Telja samrunaaðilar því að samruninn hafi ekki neikvæð áhrif á samkeppni.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Þeir fjárfestar sem hlut eiga að fjárfestingarsjóðnum Auður I eru margir hverjir öflugir fjárfestar sem eiga hagsmuni mun víðar en í sjóðnum Auðar I. Telur Samkeppniseftirlitið að þeir hagsmunir komi ekki til skoðunar í máli þessu þar sem Auður I fer með yferráð yfir félögunum sem vörsluaðili sjóðsins.



Fyrir liggur í máli þessu að Auður I á ekki hluti í keppinautum Já. Þá telur Samkeppniseftirlitið að fjárhagslegur styrkleiki Auðar Capital og Auðar I sé ekki slíkur að þau sjónarmið sem fram komi í úrskurði áfrýjunarnefndar nr. 18/2009 *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu* eigi við í máli þessu. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.

**Ákvörðunarorð:**

**„Yfirráð Auðar I fjárfestingarsjóðs slf. yfir Já upplýsingaveitum ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að aðhafast vegna samrunans.“**

Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Sigurðsson